



ÁRSREIKNINGUR LANDSPÍTALA 2016

**ÁRSREIKNINGUR
LANDSPÍTALA 2016**

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	5
Áritun endurskoðenda	6
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11

Landspítali
Eiríksgötu 5
101 Reykjavík
kt: 500300-2130

Skýrsla framkvæmdastjórnar Landspítala og staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2016

Landspítali (LSH) starfar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, stjórnslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans. Ný lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, tóku gildi 1. janúar 2016. Þó gilda þau ekki um reikningsskil ríkissjóðs og ríkisaðila fyrr en frá og með 1. janúar 2017.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þrjú hlutverki að gegna, þ.e. þjónusta við sjúklinga, menntun heilbrigðisstarfsmanna og rannsóknir í heilbrigðisvísindum. Gildi spítalans eru *Umhyggja, Fagmennska, Öryggi og Framþróun*. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsmanna sinna. Á árinu 2016 störfuðu að meðaltali 5.136 starfsmenn á LSH í 3.954 stöðugildum (ársverk).

Á árinu 2016 var ársveltan um 63.686 m. kr. Tekjuhalli var á árinu þar sem rekstrargjöld voru 85 m. kr. umfram rekstrartekjur og ríkisframlag. Þar sem Alþingi samþykkti í mars 2017, með lögum nr. 430/2017, niðurfellingu uppsafnaðs halla frá fyrri árum, samtals 2.919 millj.kr., er ójafnað eigið fé spítalans í árslok 2016 hið sama og rekstrarhalli ársins, 85 m. kr. Eigið fé spítalans er samtals 112 m. kr. Eignir spítalans nema 3.710 m. kr., en skuldir eru samtals 3.598 m. kr. Eftir niðurfellingu eldri halla í lögum nr. 430/2017 nemur viðskiptakrafa Landspítala á ríkissjóð 819 m. kr. í lok árs.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs staðfesta ársreikning Landspítala fyrir árið 2016 með undirritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

Reykjavík, 29. mars 2017.



Páll Matthíasson
forstjóri



María Heimisdóttir
framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Til Landspítala og velferðarráðuneytis

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landspítala fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu forstjóra veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Landspítala 31. desember 2016, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Landspítala og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Ábyrgð forstjóra á ársreikningnum

Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegrri dómgreind og gagnrýni. Þá ber okkur að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í þessu felst að okkur ber meðal annars að:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.


- Kanna hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.
- Afla skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og kanna hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Meta í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, meta framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum forstjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 29. mars 2017



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Tekjur			
Þjónustutekjur	14	4.124.191	3.666.424
Styrkir til fjárfestinga í tækjabúnaði og öðrum stofnkostnaði	15	303.645	287.667
Aðrar tekjur	16	3.691.410	2.608.936
S-merkt lyf og blöndunargjöld, sala til SÍ	17	2.941.190	3.359.624
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður	17	(2.788.886)	(3.291.126)
Tekjur samtals		<u>8.271.551</u>	<u>6.631.525</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	18	43.552.358	38.644.821
Vörunotkun	19	9.308.086	8.346.929
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	20	4.176.446	3.707.539
Annar rekstrarkostnaður	21	1.515.680	1.582.021
		<u>58.552.570</u>	<u>52.281.310</u>
Fjárfesting í tækjabúnaði	22	1.446.024	1.758.751
Annar stofnkostnaður og endurbætur	23	1.059.746	654.814
Gjöld samtals	13	<u>61.058.340</u>	<u>54.694.876</u>
Tekjuhalli án fjármagnsliða		(52.786.789)	(48.063.351)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	24	<u>75.921</u>	<u>47.810</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(52.710.868)	(48.015.540)
Ríkisframlag	10, 25, 32	<u>52.625.839</u>	<u>48.071.200</u>
(Tekjuhalli) tekjuafgangur	10	<u>(85.029)</u>	<u>55.660</u>

Efnahagsreikningur 31. des 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Áhættufjármunir			
Hlutabréf	26	<u>2.500</u>	<u>2.500</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	6, 27	761.980	751.107
Skammtímafröfur	7, 28, 29	1.722.551	1.527.781
Ríkissjóður	32	818.967	
Fyrirframgreiddur kostnaður og verk í vinnslu	5, 30	379.721	90.775
Handbært fé	8	<u>24.350</u>	<u>30.421</u>
Veltufjármunir		<u>3.707.569</u>	<u>2.400.084</u>
Eignir samtals		<u><u>3.710.069</u></u>	<u><u>2.402.584</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll			
Höfuðstóll í ársbyrjun		(2.919.031)	(2.974.691)
Framlag á lokafjárlögum 2015		2.919.031	0
(Tekjuhalli) tekjuafgangur		<u>(85.029)</u>	<u>55.660</u>
Ójafnað eigið fé	10	<u>(85.029)</u>	<u>(2.919.031)</u>
Annað eigið fé			
Framlag til eignamyndunar		<u>196.904</u>	<u>196.904</u>
Annað eigið fé		<u>196.904</u>	<u>196.904</u>
Eigið fé samtals		<u>111.875</u>	<u>(2.722.127)</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Fjármögnunarleigusamningur	11, 31	33.996	37.566
Næsta árs afborgun		<u>(3.875)</u>	<u>(3.591)</u>
		<u>30.121</u>	<u>33.975</u>
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður	32	0	1.809.771
Viðskiptaskuldir	12, 33	3.564.198	3.277.374
Næsta árs afborgun fjármögnunarleigusamnings		3.875	3.591
Skammtímaskuldir		<u>3.568.073</u>	<u>5.090.736</u>
Skuldir samtals		<u>3.598.194</u>	<u>5.124.711</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>3.710.069</u></u>	<u><u>2.402.585</u></u>
Eignir utan efnahagsreiknings	36		
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	37		

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2016

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2016		2015	
Veltufé frá rekstri:					
(Tekjuhalli) tekjuafgangur.....		(85.029)		55.660	
Gjaldfærð fjárfesting samtals umfram ríkisframlag og styrki.....	22, 15	179.879		78.299	
Veltufé frá rekstri		<u>94.850</u>		<u>133.959</u>	
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, (hækkun).....		(10.873)	(2.787)		
Skammtímakröfur, (hækkun).....		(194.770)	(200.611)		
Fyrirframgreiddur kostnaður, (hækkun).....	30	(288.946)	(1.372)		
Viðskiptaskuldir, hækkun (lækkun).....		286.824	(879.375)		
		<u>(207.765)</u>	<u>(1.084.144)</u>		
Handbært fé til reksturs		<u>(112.915)</u>	<u>(950.185)</u>		
Fjárfestingarhreyfingar					
Tækjabúnaður, annar stofnkostnaður og endurbætur.....	22, 15	(2.505.770)	(2.413.565)		
		<u>(2.505.770)</u>	<u>(2.413.565)</u>		
Fjármögnunarhreyfingar					
Afborgun fjármögnunarleigusamnings	11, 31	(3.571)	(3.304)		
Gjafir og styrkir til fjárfestingar í tækjum og öðrum stofnkostn.		303.645	287.667		
Framlag á lokafjárlögum 2015		2.919.031			
Framlag til stofnkostnaðar og endurbóta á fjárlögum		2.022.246	2.047.600		
Breyting á greiðslustöðu við ríkissjóð:	32				
Framlag ríkissjóðs með framlagi á lokafjárlögum.....		(55.544.870)	(48.071.200)		
Greitt úr ríkissjóði.....		52.916.132	49.111.480		
		<u>2.612.614</u>	<u>3.372.243</u>		
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(6.071)	8.492		
Handbært fé í ársbyrjun		<u>30.421</u>	<u>21.929</u>		
Handbært fé í lok árs		<u>24.350</u>	<u>30.421</u>		

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila:

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996. Ný lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, tóku gildi 1. janúar 2016. Þó gilda þau ekki um reikningsskil ríkissjóðs og ríkisaðila fyrr en frá og með 1. janúar 2017. Verulegar breytingar eru gerðar á reikningsskilaaðferðum samkvæmt hinum nýju lögum.

Samkvæmt fjárreiðulögum frá 1997 skulu ríkisstofnanir í A-hluta ekki eignfæra varanlega rekstrarfjármuni, heldur gjaldfæra þá á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán eða stofna til skuldbindinga til lengri tíma án sérstakra heimilda.

2. Bókhald og fjármál:

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

3. Skattar:

Landspítali greiðir ekki tekjuskatt.

4. Skráning tekna:

Sértekjur spítalans eru yfirleitt bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Heildarframlag ríkisins er fært í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjáraukalaga.

5. Skráning gjalda:

Gjöld spítalans eru samkvæmt meginreglu bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok ársins eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi. Kostnaður vegna stofnkostnaðarverka í vinnslu er eignfærður í lok árs. Undantekning frá framangreindri meginreglu varðar færslu hluta launakostnaðar spítalans síðari hluta desember mánaðar og áfallins orlofs og frítímaréttar innan gjaldaársins.

6. Vörubirgðir:

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

7. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur á skuldunauta eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útistandandi kröfum. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

8. Handbært fé:

Handbært fé samanstendur af reiðufé í sjóðum og bankainnstæðum.

9. Lífeyrisskuldbinding:

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding þó ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skýringar

10. Eigið fé:

Ójafnað eigið fé spítalans nemur í lok árs um 85 m. kr. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2016 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1. janúar 2016	(2.919.031)
Framlag í lokafjárlögum 2015, nr. 430/2017		2.919.031
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(52.710.868)
Ríkisframlag ársins		52.625.839
	Tekjuhalli ársins	(85.029)
		(85.029)
	Ójafnað eigið fé 31. des 2016	(85.029)

11. Langtímaskuldir:

Langtímaskuld er færð á núvirði að frádregnum greiddum afborgunum. Eftirstöðvar eru reiknaðar miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok, ef slíkur umreikningur á við.

12. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnvirði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Sundurliðanir og skýringar

13. Starfsþáttgreining:

Samkvæmt stjórnskipulagi sjúkrahússins árið 2016 skiptist það í 12 aðskildar rekstrareiningar. Endurbætur, stofnkostnaður og tækjakaup og kostnaður vegna S-merktra lyfja er meðtalinn í kostnaði utan sviða. Kostnaður rekstrareininga árið 2016 greinist á eftirfarandi hátt.

	2016	2015
Skrifstofa forstjóra.....	420.065	328.000
Mannauðssvið.....	253.503	204.806
Fjármálasvið.....	1.005.894	915.637
Rekstrarsvið.....	5.439.439	5.023.078
Framkv.st. hjúkrunar og framkv.st. lækninga.....	836.833	635.351
Flæðisvið.....	13.626.164	11.521.707
Lyflækningasvið.....	10.684.928	9.570.176
Skurðlækningasvið.....	5.811.047	5.227.116
Kvenna- og barnasvið.....	6.523.593	6.079.873
Geðsvið.....	4.629.124	4.240.659
Aðgerðasvið.....	8.133.025	7.038.537
Rannsóknarsvið.....	5.611.282	4.936.747
	<u>62.974.896</u>	<u>55.721.685</u>
Utan sviða.....	3.108.372	2.989.217
Innri viðskipti á LSH.....	(5.024.928)	(4.016.027)
Samtals	<u>61.058.340</u>	<u>54.694.876</u>

Skýringar

14. Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma. Tekjur af þessari þjónustu hækka frá árinu 2015 um 12,5%.

	2016	2015
Rannsóknir.....	1.659.637	1.333.440
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	881.305	743.824
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum.....	712.886	657.118
Sérfræðiþjónusta, önnur.....	615.029	675.111
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta.....	255.334	256.931
Samtals	4.124.191	3.666.424

15. Styrkir til fjárfestinga í tækjabúnaði og öðrum stofnkostnaði:

Styrkir og gjafir til kaupa á tækjabúnaði fyrir spítalann koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekins búnaðar. Framlög til stofnkostnaðar á fjárlögum eru ekki tekjufærð hér. Sjá skýringu nr. 25.

16. Aðrar tekjur:

Aðrar tekjur spítalans samanstanda af ýmsum tekjuliðum, öðrum en tekjum af eiginlegri heilbrigðisþjónustu. Þessi liður hækkar um 1.082,5 m. kr. á milli ára. Helstu ástæður hækkunarinnar eru breytt fyrirkomulag á sölu S-merktra lyfja samkvæmt lyfseðlum frá 1. maí 2015, rekstrartekjur vegna biðlistaátaks og vegna átaks til útrýmingar á lifrabólgu C.

Selt fæði.....	250.795	219.889
Rannsókn- og þróunarverkefni.....	189.869	48.755
Seld þjónusta.....	1.069.467	682.452
Framlög og gjafir, aðrar en framlög til fjárfestingar.....	71.717	48.614
Vörsala.....	1.744.384	1.290.097
Leigutekjur.....	98.795	107.685
Aðrar tekjur.....	266.383	211.444
Samtals	3.691.410	2.608.936

17. S-merkt lyf:

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) bera ábyrgð á kostnaði vegna S-merktra lyfja sjúklinga á dag- og göngudeildum. Landspítali annast innkaup lyfjanna en gerir endurkröfu með tekjureikningum á SÍ. Breyting á fyrirkomulagi við umsýslu og afgreiðslu S-merktra lyfja átti sér stað 1. maí 2015. Breytingin fól m.a. í sér aukna sölu S-merktra lyfja úr lyfjabúðum, bæði hjá apóteki Landspítala sem og öðrum apótekum.

S-merkt lyf, sala til SÍ án vsk og álags.....	2.788.886	3.310.378
S-merkt lyf, blöndunargjöld og afgreiðslugjald.....	152.305	49.246
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður.....	(2.788.886)	(3.291.126)
Samtals	152.305	68.498

Skýringar

18. Laun og launatengd gjöld:

Launagjöld Landspítala hækka um 12,7% frá fyrra ári.

	2016	2015
Dagvinnulaun.....	24.547.104	21.545.820
Yfirvinna.....	5.015.560	3.728.886
Álagsgreiðslur.....	4.818.776	4.930.984
Önnur laun.....	1.048.227	1.197.387
Launatengd gjöld.....	8.122.691	7.241.744
Samtals	43.552.358	38.644.821

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 3.954 að meðaltali á árinu 2016, en þau voru til samanburðar 3.739 á árinu 2015. Fjarvera starfsmanna í verkfalli hafði áhrif til fækkunar ársverka á árinu 2015. Á árinu 2016 voru 5.136 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 4.923 á árinu 2015. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk. Áunnið ótekið orlof og annar ógreiddur launatengdur frítímaréttur er ekki færður í ársreikninginn, sbr. skýringu nr. 37.

19. Vörunotkun:

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Vörunotkun hækkar um 11,5% á milli ára. Í skýringu nr. 27 má sjá vörubirgðir í lok árana 2016 og 2015.

Lækninga- og hjúkrunarvörur	3.742.318	3.222.369
Lyf	3.055.127	2.805.007
Rannsóknvörur.....	864.334	770.764
	<u>7.661.779</u>	<u>6.798.140</u>
Matvæli.....	770.172	762.548
Orkugjafir.....	381.631	347.554
Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur.....	195.817	187.948
Byggingavörur.....	69.972	77.794
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur.....	228.717	172.945
	<u>1.646.308</u>	<u>1.548.790</u>
Samtals	9.308.086	8.346.929

Skýringar

20. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld:

Aðkeypt þjónusta og leigugjöld nema samtals 4.176 m. kr. á árinu 2016. Þessi liður hækkar um 12,6% milli ára. Stærstu kostnaðarliðirnir eru ýmis konar aðkeypt sérfræðiþjónusta og verkkaup auk leigu- og leyfisgjalda.

	2016	2015
Sérfræðiþjónusta.....	1.339.728	1.129.135
Verkkaup.....	1.153.259	983.494
Leigu- og afnotagjöld.....	419.657	417.082
Ferðir, fundir, risna o.fl.	410.540	416.580
Aðkeyptur akstur.....	534.736	474.772
Flutningaþjónusta.....	142.689	117.695
Annað.....	175.837	168.781
Samtals	4.176.446	3.707.539

21. Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samanstendur meðal annars af fasteignagjöldum og öðrum opinberum gjöldum, framlögum til rannsókna og kaupum á ýmsum minniháttar búnaði og tækjum. Kostnaðurinn lækkar um 66 m. kr. milli ára.

Opinber gjöld og tryggingar.....	473.162	433.657
Framlag til rannsókna og gæðaverkefna.....	32.734	222.457
Minniháttar tæki, áhöld, varahlutir.....	827.273	809.775
Ýmis óreglulegur kostnaður.....	182.511	116.132
Samtals	1.515.680	1.582.021

Skýringar

22. Fjárfesting í tækjabúnaði:

Á reikningsárinu voru kaup Landspítalans á tækjabúnaði í meginráttum eftirfarandi:

	2016	2015
Sneiðmyndataeki	162.558	35.353
Segulómtæki í Fossvogi, uppfærsla	140.108	0
Hjartaþræðingartæki	92.716	0
Speglunartæki	84.668	0
Skurðarborð og skurðstofulampar	83.145	79.684
Sjúkrarúm	83.102	108.067
Röntgentæki	79.719	238.637
Vöktunarskjáir	75.914	71.431
Vararafstöð í Fossvogi	51.107	0
Dauðhreinsiofnar	30.168	31.870
Gjörgæslukerfi	28.223	0
Aðgerðalaser	26.770	0
Lyfjablöndunarskápar	25.365	0
Aðgerðasmásjá	24.410	0
Aðgerðaþjarkur	0	281.012
Svæfingavélar með vöktunarskjám	0	111.203
Diskastæður	0	86.219
Flæðilína á kjarnarannsóknarstofu	0	65.881
Gegnumlýsingartæki	0	63.502
Massageirir	0	63.487
Línuhraðall	0	50.319
Massageirir (Maldi Tof tæki)	0	24.869
Ómtæki	0	24.792
Annað	458.051	422.427
Samtals	1.446.024	1.758.751

Skýringar

23. Annar stofnkostnaður og endurbætur:

Stofnkostnaður spítalans felur hér í sér nýkaup á fasteignum, ásamt endurbótum á innréttingum, húseignum og lóðum.

	2016	2015
Fossvogur, endurnýjun á skurð- og gjörgæsludeild.....	208.784	0
Gámaskrifstofur.....	208.509	23.688
Geðgjörgæsla, endurinnrétting innanhúss.....	105.216	0
Hringbraut, endurnýjun á skurðeild.....	90.144	0
Fossvogur, ný TS-stofa.....	87.711	280
Hringbraut, kvennadeild, viðgerð vegna rakaskemmda.....	67.239	27.340
Grensás, endurbætur utanhúss.....	63.055	49.083
Dalbraut, þak og rakaskemmdir.....	53.096	22.451
Hringbraut, endurbætur utanhúss.....	51.786	42.778
Landakot, endurbætur utanhúss.....	23.001	44.367
Augndeild, aðgangsstýrikerfi.....	22.853	0
Hringbraut, hjartaþræðingarstofa.....	20.632	0
Fossvogur, endurbætur utanhúss.....	3.419	47.063
Lagfæring á vinnuástöðu til að auka skilvirkni.....	1.151	24.431
Hringbraut, endurbætur bráðalyfta.....	303	42.245
Kjarnarannsóknastofa, endurnýjun.....	23	20.356
Kvennadeild, endurnýjun á móttöku.....	0	100.773
Vífilsstaðir, endurbætur utanhúss.....	0	38.807
Framkvæmdir vegna nýrrar vararafstöðvar.....	0	29.728
Endurbætur, geðdeild.....	0	25.788
Tunguháls, endurnýjun og viðgerð þaks.....	0	23.489
Aðalinngangur Eiríksgötu, viðgerð á þaki.....	0	15.864
Rúmapjónusta, aðstaða.....	0	14.108
Annað.....	52.823	62.175
Samtals	<u>1.059.746</u>	<u>654.814</u>

24. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur spítalans, sem einkum eru af kröfum á skuldunauta, eru færðar til tekna í rekstrarreikningi á því tímabili sem til þeirra er unnið. Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í árslok vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu, sbr. skýringu nr. 29. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Breyting á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hafði talsverð áhrif á bókaðan gengismun á árinu 2016.

Vaxtatekjur.....	40.234	46.901
Gengismunur.....	51.218	23.230
Vaxtagjöld.....	(15.531)	(22.321)
Samtals	<u>75.921</u>	<u>47.810</u>

Skýringar

25. Fjárheimildir og rekstur:

Á fjárlögum ársins 2016 voru Landspítala ætlaðar 51.013,9 m. kr. í ríkisframlag. Með launabótum, millifærslum og fjáráukalögum 2016 hækkuðu fjárheimildir vegna rekstrar ársins um 1.611,9 m. kr. Fjárheimildir Landspítala á árinu 2016 voru því samtals 52.625,8 m. kr.

	Fjárlög ársins 2016	Fjár- heimildir	Árs- reikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld.....	(41.129.700)	(41.585.794)	(43.552.358)	(1.966.564)
Önnur rekstrargjöld.....	(12.369.800)	(13.387.000)	(15.000.212)	(1.613.212)
Rekstrartekjur.....	4.369.200	4.369.200	7.967.906	3.598.706
				<u>18.929</u>
				Rekstrarniðurstaða
Fjárfestingar.....	(1.883.600)	(2.022.246)	(2.505.770)	(483.524)
Styrkir og gjafir til fjárfestinga.....			303.645	303.645
Vextir og gengismunur.....			75.921	75.921
				<u>85.029</u>
	Mismunur rekstrargjalda og sértekna	(51.013.900)	(52.625.839)	(85.029)

26. Hlutabréf:

Hlutfjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í tíu einkahlutafélögum á Íslandi og einu félagi í Lettlandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Óvissa er talsverð um raunverulegt fjárhagslegt verðmæti flestra þessara hluta. Þeir eru ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi.

27. Vörubirgðir:

Bókfært verðmæti vörubirgða spítalans hækkar um 1,4% milli árána 2016 og 2015. Birgðir í árslok 2016 eru metnar á kostnaðarverði, eftir 7,5% niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

	2016	2015
Lækninga- og hjúkrunarvörur.....	240.606	229.000
Lyf.....	210.052	215.944
Rannsókn- og röntgenvörur.....	231.024	233.562
Rekstrarvörur.....	66.369	57.336
Matvæli.....	13.929	15.265
	Samtals	751.107

28. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur eru einkum vegna vörusölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans á helstu flokka skuldunauta í árslok.

Heilbrigðisstofnanir.....	186.289	196.068
Sjúkratryggingar Íslands.....	661.330	587.222
Einstaklingar.....	689.271	640.362
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir.....	229.923	195.355
Aðrar kröfur.....	118.563	110.558
	Kröfur samtals	1.885.376
Niðurfærsla krafna.....	(162.825)	(201.784)
	<u>1.722.551</u>	<u>1.527.781</u>

Skýringar

29. Niðurfærsla viðskiptakrafna:

Viðskiptakröfur spítalans í árslok eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í árslok og breyting hans á árinu er sem hér segir:

	2016
Niðurfærslureikningur 1. janúar 2016	201.784
Bein afskrift tapaðra krafna 2016	(240.981)
Framlag í niðurfærslureikning 2016	202.022
Niðurfærslureikningur 31. desember 2016	<u>162.825</u>

30. Fyrirframgreiddur kostnaður og verk í vinnslu:

Stofnkostnaðarverk í vinnslu eru nú í fyrsta sinn færð upp til eignar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi. Fyrirframgreiddir kostnaðarliðir og verk í vinnslu í árslok sundurgreinst sem hér segir:

	2016	2015
Fyrirframgreiddur kostnaður	153.361	90.775
Verk í vinnslu	226.360	0
Samtals	<u>379.721</u>	<u>90.775</u>

31. Langtímaskuldir:

Langtímaskuld í árslok er fjármögnunarleigusamningur við eignaleigufyrirtæki. Í ársreikningi 2016 er slíkur samningur flokkaður sem langtímaskuld þar sem samningsskilmálar gera meðal annars ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og hagur af fjárfestingu sé færður yfir á Landspítala. Vísað er til upplýsinga um eignaleigusamninga frá fyrri árum í skýringu nr. 37. Hreyfingar og staða fjármögnunarleigusamningsins er sem hér segir:

	Ógjaldfallnar eftirstöðvar		Núvirtar eftirstöðvar	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Greiðslur á næsta reikningsári	6.334	6.334	6.081	6.080
Greiðslur á öðru reikningsári og síðar	37.475	43.809	27.915	31.485
	<u>43.809</u>	<u>50.143</u>	<u>33.996</u>	<u>37.565</u>
Framtíðar vaxtagjöld	(9.813)	(12.576)		
Núvirtar eftirstöðvar	<u>33.996</u>	<u>37.565</u>		

32. Ríkissjóður:

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlags og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Í árslok nam inneign spítalans hjá ríkissjóði tæpum 819 m. kr. Staða og hreyfingar í þessum viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

Staða 1. janúar 2016	(1.809.771)
Framlag í lokafjárlögum 2015	2.919.031
Ríkisframlag 2016	52.625.839
Móttæknar greiðslur	<u>(52.916.132)</u>
Staða 31. desember 2016	<u>818.967</u>

33. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru að stórum hluta vegna lyfjakaupa og annarra vörukaupa frá birgjum.

Skýringar

34. Fimm ára rekstraryfirlit:

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2012-2016. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Yfirlit yfir rekstur og efnahag árunum 2012-2016, á verðlagi hvers árs:

Fjárhæðir í millj.kr.

	2016	2015	2014	2013	2012
Rekstur					
Tekjur.....	8.272	6.632	4.876	4.615	4.229
Gjöld.....	(58.477)	(52.233)	(46.861)	(43.557)	(39.815)
Stofnkostnaður og endurbætur.....	(2.506)	(2.414)	(2.318)	(1.737)	(875)
Gjöld umfram tekjur	(52.711)	(48.016)	(44.303)	(40.678)	(36.462)
Ríkisframlag samtals.....	52.626	48.071	43.554	39.194	36.478
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins	(85)	56	(749)	(1.484)	16
Efnahagur					
Áhættufjármunir.....	3	3	3	3	3
Veltufjármunir.....	3.708	2.400	2.187	2.302	2.325
Eignir samtals	3.710	2.403	2.189	2.305	2.328
Höfuðstóll.....	(85)	(2.919)	(2.961)	(4.435)	(2.951)
Annað eigið fé.....	197	197	183	183	183
Langtímaskuldir.....	30	34	38	41	
Skammtímaskuldir.....	3.568	5.091	4.930	6.516	5.095
Eigið fé og skuldir samtals	3.710	2.403	2.189	2.305	2.328

35. Sér sjóðir:

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sér sjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárfstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sér sjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 9 lögaðilar og 61 sjóður. Þeirra á meðal má nefna Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sér sjóðum eru samtals 44 og innstæða í árslok 2016 nemur samtals 487,2 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmarginir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2016 er 208. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 27,4 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2016 um 671,3 m. kr.

Skýringar

36. Eignir utan efnahagsreiknings:

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir Landspítala eru ekki eignfærðir í efnahagsreikningi, sem er í samræmi við ákvæði um A-hluta stofnanir í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í árslok 2016.

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut.....	12.463.620	18.225.607
Fossvogur.....	5.409.643	8.794.153
Landakot.....	1.517.680	2.303.600
Kópavogur.....	1.853.350	1.807.355
Kleppur.....	1.494.267	1.649.036
Vífilsstaðir.....	954.332	1.260.682
Grensás.....	820.110	1.241.752
Tunguháls.....	467.300	583.927
Sumarhús starfsmanna.....	222.961	283.910
Aðrar eignir.....	2.382.680	2.749.505
Samtals	27.585.943	38.899.527

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir LSH utan efnahagsreiknings eru fyrst og fremst ýmis konar tæki og háþróaður búnaður, sem tengist starfsemi spítalans. Í skýringum nr. 31 og 37 má til hliðsjónar sjá þær skuldbindingar sem hvíla á LSH í árslok vegna kaupa á margs konar tækjabúnaði. Haldin er eignaskrá í samræmi við ákvæði laga.

37. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

Óúttekið áunnið orlof starfsmanna hefur verið reiknað sérstaklega, en er ekki fært í ársreikninginn samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál. Sama á við um annan sérstakan frítökurétt starfsmanna spítalans. Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir áætluðum skuldbindingum spítalans vegna áunnins orlofs og réttinda starfsmanna til frítöku í árslok 2016. Þessar skuldbindingar eru reiknaðar að meðtöldum launatengdum gjöldum.

	31.12.2016	31.12.2015
Sumarorlof.....	3.520.815	3.105.016
Hvildartímafrí.....	1.060.234	921.981
Vaktafrí og annar áunninn frítími.....	511.460	285.905
	5.092.509	4.312.902

Samningar

Sjúkrahúsið hefur á fyrri árum gert marga eignaleigusamninga vegna fjármögnunar á kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum. Þeir samningar hafa allir verið skilgreindir sem rekstrarleigusamningar, án tillits til samningsskilmála, og eftirstöðvar þeirra skuldbindinga því ekki færðar í reikningsskilin. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Sjá í þessu sambandi langtímaskuldbindingu í skýringu nr. 31. Auk þessara framangreindu eignaleigusamninga hefur

Skýringar

spítalinn gert margs konar skuldbindandi hugbúnaðar- og þjónustusamninga vegna upplýsingakerfa. Gerð er grein fyrir helstu flokkum þessara skuldbindinga utan efnahagsreiknings á núvirði og greiðslubyrði vegna þeirra næstu þrjú árin í meðfylgjandi yfirliti.

	Skuldbinding	Til greiðslu		
	31.12.2016	2017	2018	2019
Tölvubúnaður.....	44.305	15.600	15.600	15.600
Lækningatæki og annar tækjabúnaður.....	184.791	66.652	66.652	41.355
Samtals vegna tækja	229.096	82.252	82.252	56.955
Hugbúnaðar- og þjónustusamningar.....	709.888	250.749	250.749	250.749
Samtals	938.984	333.001	333.001	307.704

Húsaleiga

Landspítalinn hefur gert nokkra húsaleigusamninga við leigusala, með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa næstu þrjú árin nema 606,4 m. kr. í árslok 2016.

